



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 16. apríl, 2012

Ákvörðun nr. 8/2012

Kaup SF III slhf. á hlutum í Jarðborunum hf.

Með bréfi dags. 22. febrúar 2011 var Samkeppniseftirlitinu greint frá kaupum SF III slhf. (hér eftir SF III) á hlutum í Jarðborunum hf. (hér eftir Jarðboranir) af Miðengi ehf. og Strandhöggi í Norðri ehf. Samkvæmt því myndu yfirráð yfir Jarðborunum færast frá því að vera alfarið í höndum Miðengis í yfirráð SF III.

Á fundi aðila, dags. 20. mars óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að aðilar tilkynntu samrunann. Þann 21. mars barst eftirlitinu svokölluð styttri tilkynning. Var tilkynningin talin fullnægja skilyrðum samkeppnislaga og reglum nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá var einnig óskað eftir undanþágu frá banni samkeppnislaga við framkvæmd samruna. Var umbeðin undanþága veitt með bréfi dags. 21. mars.

SF III er samlagshlutafélag hvers tilgangur er fjárfestingarstarfsemi. Gilda um hann lög um hlutafélög nr. 2/1995. Er sjóðurinn í eigu Stefnis Íslenska Athafnasjóðsins I, Kaldbaks ehf., Gildis lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Festis lífeyrissjóðs. Stunda þeir aðilar allir fjárfestingarstarfsemi og eiga eignarhluti í fjölda félaga. Að mati samrunaaðila starfar SF III á markaðnum fyrir fjárfestingastarfsemi, en sé ekki með teljandi markaðshlutdeild á þeim markaði.

Í samrunaskrá segir að Jarðboranir starfi á mörkuðum tengdum nýtingu auðlinda í jörðu til framleiðslu á endurnýtanlegri orku, einkum í jarðhita- og kjarnaborunum, bæði hér á landi og erlendis. Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um stöðu Jarðborana á markaði, sbr. ákvarðanir nr. 29/2008, *Kaup Geysis Green Energy á Jarðborunum*, nr. 30/2009, *Samruni Geysis Green Energy og HS Orku* og nr. 1/2010, *Samruni Íslandsbanka og Geysis Green Energy*. Kom þar fram að Jarðboranir væru í mjög sterkri stöðu á markaðnum fyrir jarðboranir á Íslandi. Þá lauk samruna Geysis Green Energy og HS Orku með sátt, þar sem Geysis Green Energy samþykkti m.a. að tryggja fullan rekstrar- og stjórnunarlegan aðskilnað á milli Jarðborana og HS Orku, jafnframt því sem tryggt skyldi að félög tengd Geysi Green og HS Orku nytu ekki betri viðskiptakjara en ótengdir aðilar.



Skilyrðin voru sett í ljósi þess að HS Orka er einn stærsti kaupandi borþjónustu Jarðborana.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 17. gr. c. samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Í samrunanum sem hér um ræðir fólst að SF III keypti hluti í Jarðborunum hf. af félaginu sjálfu, Miðengi ehf. og Strandhöggi í Norðri ehf. og við það færðust yfirráð félagsins úr höndum Miðengis í yfirráð SF III.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni SF III og Jarðborana gefi ekki tilefni til frekari aðgerða.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupum SF III slhf. á hlutum í Jarðborunum hf. felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson